

15. janúar 2018.

Til skólanefnda sveitarfélaga innan SSH.

Á skólaárinu 2017-2018 hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fengið Erasmus+ styrk á vegum Evrópusambandsins til námsferða grunnskólakennara. 28 kennarar og kennsluráðgjafar heimsóttu grunnskóla, skólaskrifstofur og kennslusetur í Malmö í Svíþjóð (10 manns), Osló, Hamar og Bærum í Noregi (9 manns) og Kaupmannahöfn, Hørsholm og Hróarskeldu í Danmörku (9 manns). Kennararnir sem fóru ferðina komu frá grunnskólum og fræðslu-/skólaskrifstofum innan alls höfuðborgarsvæðisins en ferðirnar fóru fram í október-nóvember 2017 og stóðu í eina viku hver.

Í framhaldi námsferðanna munu þeir sem fóru í ferðirnar vera með mismunandi fræðslu sem verður í boði í vorönn 2018. Þetta verða þrír fræðslufundir sem hér segir:

Mánudagur 12. febrúar kl. 14.30-16:

Kennarinn og fjölbreytti nemendahópurinn – KENNSLUFRÆÐI FJÖLMENNINGAR

Markhópur: Grunnskólakennarar, náms- og starfsráðgjafar, kennsluráðgjafar o.fl.

Áhersla: Fræðslan miðar að því að kynna kennurum og kennsluráðgjöfum ýmsar aðferðir og leiðir sem nýttar eru í kennslu og móttöku innflytjenda í daglegu skólastarfi grunnskóla.

Föstudagur 2. mars kl. 13.30-15:

Ábyrgð á skólastarfi fyrir innflytjendur - STEFNUMÓTUN Í SKÓLASTARFI INNFLYTJENDA

Markhópur: Skólastjórnendur, starfsfólk skóla-/fræðsluskrifstofa og sveitarstjórnarfolk.

Áhersla: Fræðslan fjallar um mikilvægi skýrrar stefnu um móttöku og eftirfylgni við nemendur af erlendum uppruna/eiga annað móðurmál en íslensku. Fjallað verður um skipulag, stuðning og fræðslu til handa skólafólki með vísan í viðhorf, verklag og vinnubrögð sem hópurinn kynntist í Skandinavíuferðunum.

Mánudagur 12. mars kl. 14.30-16:

Móttaka nýrra nemenda – AÐFERÐIR VIÐ MAT Á NÁMSSTÖÐU

Markhópur: Skólastjórnendur, grunnskólakennarar, náms- og kennsluráðgjafar o.fl.

Áhersla: Fræðsla sem snýr að því að skýra aðferðir og sjónarmið sem eru notuð til að meta námsstöðu innflytjenda og þau verkfæri sem eru notuð til þess í Skandinavíu.

Allir fræðslufundirnir verða haldnir í Bratta, fyrirlestrarsal Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð í Reykjavík.

Með þessu bréfi viljum við sérstaklega vekja athygli skólanefndar á fræðslufundinum 2. mars sem tekur til umfjöllunar ábyrgð og nauðsynlega stefnumótun er felst í því að taka á móti innflytjendum, nemendum með annað móðurmál en íslensku, og veita þeim nám við hæfi. Í námsferðunum kynntust þátttakendur margvíslegum vinnubrögðum og skipulagi við móttöku, kennslu og aðlögun innflytjenda inn í skandinavísk sveitarfélög, sem þeir vilja miðla og benda á tækifæri til að gera betur í skólastarfi á höfuðborgarsvæðinu. Því er sérstaklega óskað eftir þátttöku sveitarstjórnarmanna, skólastjórnenda og annarra sem bera ábyrgð á skólastarfi sveitarfélaga á fræðslufundinum þann 2. mars.

Með bréfinu fylgir einnig sérstakt dreifibréf fræðslufundanna. Sjá einnig vef verkefnisins, ssh.menntamidja.is.

Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu.